

5. september 1988

1133

Nr. 430

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1988.*

**Friðrik Sophusson.**

---

*Páll Flygenring.*

6. september 1988

Nr. 431

## REGLUGERÐ

**um niðurfellingu á reglugerð um vistun fanga að Bitru í Hraungerðis-  
hreppi nr. 584 6. október 1981.**

1. gr.

Reglugerð um vistun fanga að Bitru í Hraungerðishreppi nr. 584 6. október 1981 er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973 og öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. september 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

---

*Porsteinn A. Jónsson.*

1. september 1988

Nr. 432

## A U G L Ý S I N G

**um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss 1987 – 2007.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. ágúst 1988 staðfest upprátt af aðalskipulagi Selfoss 1987 – 2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er felldur úr gildi aðalskipulagsuppráttur sá af Selfossi sem staðfestur var af ráðuneytinu 6. apríl 1979 sbr. auglýsingi nr. 203/1979, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1988.*

F. h. r.  
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

---

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*